

Aðalfundur Foreldrafélags Akurskóla 29. september 2021 kl. 20.00 á sal skólans.

Góð mæting, 23 auk stjórnar.

Fundarstjóri: Kristín Þóra Möller, ritari FFA

1. Skýrsla stjórnar – Kristín Þóra fór yfir skýrslu stjórnar þar sem farið var yfir það sem félagið gerði á skólaárinu 2020-2021.
2. Skýrsla gjaldkera – Einar Þór, gjaldkeri fór yfir helstu kostaðarliði. Þrátt fyrir að lítið hafi verið um samkomur þá eyddi félagið um hálfri milljón í fræðslu og fasta liði. Staðan er góð miðað við að ekki náðist að senda út greiðsluseðla á skólaárinu. 1. september 2021 á félagið 166.000 kr.
3. Lagabreytingar. Engar tillögur um lagabreytingar bárust stjórninni en stjórnin leggur til eftirfarandi endurskoðun á lögum félagsins:
 - a. Breytingu á 5.gr. og upplýsingar um fulltrúa í skólaráði uppfærðar.
 - b. 6.gr. tekin út þar sem bekkjarfulltrúa fyrirkomulagið þykir fullreynt og því ekki sinnt síðustu ár. Foreldrafélagið mun þó áfram hvetja foreldra til að skipuleggja bekkjarkvöld fyrir árganga barnanna sinna.
 - c. Viðbót – 7.gr. Árgjald félagsins sem ákveðið er á aðalfundi skal innheimt í upphafi hvers starfsárs í formi eins greiðsluseðils á hvert heimili.

Tillögur stjórnar ræddar og samþykktar.

4. Kosning stjórnar. Sitjandi stjórn er sjálfkjörin og engin ný framboð bárust.
5. Kosning fulltrúa í skólaráð. Borghildur Ýr Þórðardóttir situr áfram og Eybjörg Helga Daníelsdóttir bauð sig fram og var kosin.
6. Kosning skoðunarmanns reikninga. Daði Þorkelsson bauðst til að halda áfram sem skoðunarmaður reikninga og var þakkað fyrir það af öllum viðstöddum.
7. Ákvörðun árgjalds. Eftir umræður var sú tillaga borin fram að hækka árgjaldið úr 2000 kr. í 2500 kr. Sú tillaga var samþykkt og tekur gildi næsta skólaár þar sem þegar er búið að senda út greiðsluseðla fyrir þetta skólaár. Fundarmönnum þótti of mikið stökk að hækka upp í 3000 kr. á einu bretti en mögulega endurskoða slíka hækkun á næsta aðalfundi þar sem það er í samræmi við gjöld foreldrafélaga annarra skóla á svæðinu.
8. Önnur mál
 - Inga Birna tjáði áhyggjur af slyshættu sem skapast af og til á körfuboltavelli skólans. Sigurbjörg skólastjóri tók til máls og sagði að til stæði að fara í endurskoðun á skólalóðinni sem fæli í sér einhverjar úrbætur á lóð og lýsingu.
 - Guðný Ósk bað um betri upplýsingar um hlutverk foreldra 10. bekkjar og til hvers væri ætlast af þeim. Fundarstjóri fór gróflega yfir hlutverk þeirra og umsjónarkennarar sjá svo um að koma nánari upplýsingum á framfæri.
 - Endurskoðun á starfsáætlun Foreldrafélagsins. Dagskrárliðir teknir út eða breytt miðað við verklag síðustu ára. Foreldrakaffi í janúar tekið út. Stefnt að hafa tvo viðburði þar sem félagið hvetur til samveru fjölskyldna, jólaföndrið fyrir jól og svo pubquiz, ratleik eða annað í þeim dúr á vorönn.
 - Óskað eftir hugmyndum að fræðslu fyrir nemendur. Eftirfarandi hugmyndir nefndar:
 - Bjarni Fritz
 - Þorsteinn V. Einarsson, karlmennskan.
 - Hulda Tölgys, Að segja nei og setja mörk

- Vanda Sigurgeirsdóttir.
- Sigga Dögg, kynfræðingur

9. Happdrætti. Miðum útdeilt og vinningar dregnir út. Heppnaðist mjög vel að mati stjórnar.

Fundi slitið kl. 21.00